

Ed.

251. Nefndarálit

[145. mál]

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 8/1972, um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um þetta frv. og fellst á efni þess. Í nefndinni var og rætt um ákvæði 38. gr. laganna. Varð strax ljóst, að nefndarmenn voru þeirrar skoðunar, að breyta þyrfti þessu ákvæði. En það segir svo fyrir, að aðstöðugjald megi ekki hærra vera en nemi 65% þess hundradshluta, sem í sveitarfélaginu var álagður á árinu 1971. Þegar álagning aðstöðugjalds fór fram það ár, giltu reglurnar í tekjustofnalögunum frá 1964. Þær voru þessar:

Aðstöðugjald mátti ekki hærra vera en hér segir:

1. Allt að ½% af rekstri fiskiskipa og flugvéla.
2. Allt að 1% af rekstri verslunarskipa og af fiskiðnaði.
3. Allt að 1⅓% af hvers konar iðnaðarrekestri öðrum.
4. Allt að 2% af öðrum atvinnurekstri.

Í framkvæmd hefur ákvæði 38. gr. reynst þannig, að þau sveitarfélög, sem ekki lögðu á aðstöðugjald á árinu 1971 eða notfærðu sér ekki þá nema hluta af hinum fjórum atvinnugreinaflokkum, hafa orðið og verða, að óbreyttum lögum, að sæta áframhaldandi þessari takmörkun í öflun tekna til sveitarsjóðs, hverjar svo sem breytingar kunna að verða á atvinnugreinum innan sveitarfélagsins. Þannig geta verið og eru í mörgum tilfellum alvarlega skertir möguleikar sveitarfélags að nýta þennan tekjustofna þrátt fyrir síaukin og kostnaðarfrek umsvif í málefnum þess. Auk þessa geta hinar þröngu skorður, sem 38. gr. setur, valdið óþolandi misrétti gagnvart skattþegnunum. Fyrirtæki, sem er stofnað eftir 1971 innan sveitarfélags, sem ekki lagði aðstöðugjald á slíka atvinnugrein á árinu 1971, vegna þess t. d. að hún var ekki til staðar, er ekki aðstöðugjaldsskyld þar. Munu nokkur brögð vera og hafa verið að því, að fyrirtæki hafi flutst milli sveitarfélaga m. a. til þess að komast undan aðstöðugjaldi, og þó svo að ekki hafi sú verið ætlunin, þá hefur niðurstaðan orðið hin sama, fyrirtækið undanþegið gjaldinu.

Nefndinni þótti því einsýnt, að liðka þyrfti til í þessu efni og fella niður þá takmörkun á álagningarheimildum, sem í margnefndu ákvæði felst.

Í samræmi við þessa skoðun nefndarinnar flytur hún breytingartillögu á sérstöku þingskjali, þar sem teknar eru skilyrðislaust upp þær álagningarheimildir, að því er varðar aðstöðugjald, sem giltu árið 1971, þó þannig, að hundradshluti sá, er þá gildi, er færður niður um 35%.

Með þeirri breytingu mælir nefndin með samþykkt frv.

Alþingi, 14. des. 1973.

Björn Fr. Björnsson,
form., frsm.

Helgi F. Seljan,
fundaskr.

Páll Þorsteinsson.

Steingr. Hermannsson.

Þorv. Garðar Kristjánsson.

Eggert G. Þorsteinsson.